

Reglur um aðstöðuleigu á Keflavíkurflugvelli

1. Inngangur:

Isavia ohf. („félagið“) annast rekstur, viðhald og uppbyggingu Keflavíkurflugvallar sem borgaralegs alþjóðaflugvallar auk hagnýtingar flugvallarsvæðisins í þágu öryggis- og varnartengdrar starfsemi og þjóðlegra skuldbindinga ríkisins. Enn fremur annast félagið rekstur, viðhald og uppbyggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, þ.m.t. rekstur verslana með tollfrjálsar vörur á flugvallarsvæðinu, starfsemi sem er í beinum tengslum við flugrekstur, rekstur flugvalla og flugstöðvar og aðra starfsemi sem nauðsynlegt er að sé innan haftasvæðis flugverndar.”

Félaginu er heimilt að gera hvers konar samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt.¹ Til að auka gegnsæi og skýrleika hefur félagið ákveðið að setja fram lágmarkskröfur sem það setur gagnvart viðsemjendum með það að markmiði að tryggja jafnræði við aðstöðuleigu á Keflavíkurflugvelli.

2. Aðferð við að bjóða aðstöðu:

Við útleigu á aðstöðu (byggingar, rými eða svæði) á Keflavíkurflugvelli verður byggt á gagnsæjum aðferðum sem verða mismunandi eftir eðli og umfangi aðstöðunnar og starfsemi sem henni fylgir.

Um getur verið að ræða beina samninga að undangenginni almennri auglýsingu eða samkeppnisferli, að undangengnu forvali eða útboði í samræmi við ákvörðun félagsins. Gætt verður að því ferlið sé gagnsætt, óhlutlægt og án mismununar. Samkeppnisferli verður auglýst opinberlega. Félagið áskilur sér rétt til að gera ríkari kröfur til bjóðenda sem ræðst af auglýstum skilmálum hverju sinni.

Áður en mat verður lagt á umsóknir eða gengið til samninga skulu eftirfarandi upplýsingar um hæfi og getu aðila liggja fyrir:

- a. Firmanafn, heimilisfang, nafn ábyrgðarmanns samningsaðila og tengiliðs við félagið.
- b. Upplýsingar um eignarhald og lýsing á núverandi starfsemi fyrirtækis.

¹ Að öðru leyti er starfsemi félagsins í samræmi við lög nr. 102/2006 um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands, lög nr. 76/2008 um Keflavíkurflugvöll og lög nr. 153/2009 um samruna hlutafélaganna Flugstöða og Keflavíkurflugvallar.

- c. Almennar upplýsingar um samningsaðila auk upplýsinga um reynslu og menntun stjórnenda.
- d. Ítarleg viðskiptaáætlun sem lögð er til grundvallar starfsemi á flugvellingum. Nánari lýsing á körfum til slíkrar áætlunar er að finna á:
<http://www.isavia.is/files/vidskiptathroun/vidskiptaaaetlun.pdf>
- e. Ársreikningar síðustu þriggja ára, áritaðir af endurskoðanda. Eftir júlíbyrjun hvers árs skal skila inn ársreikningi undangengins árs. Þegar um einstaklinga með atvinnurekstur í eigin nafni er að ræða, skal skila staðfestu ljósriti af skattaskýrslum.
- f. Staðfesting á að samningsaðili sé ekki í vanskilum með vörslugjöld og vörsluskatta.
- g. Staðfesting frá viðkomandi yfirvaldi um að samningsaðili sé ekki í vanskilum með opinber gjöld.
- h. Staðfesting á að samningsaðili sé ekki í alvarlegum vanskilum í dag, og að hjá fyrirtækinu hafi verið gert árangurslaust fjárnám á undanförunum 2 árum.
- i. Ef um hlutafélag er að ræða skal skila útskrift um hlutafélagið úr hlutafélagaskrá.
- j. Yfirlýsing frá viðskiptabanka um að veitt verði bankatrygging fyrir samningsskuldbindingu til 3 mánaða.

3. Hæfi og meðferð umsókna:

Isavia áskilur sér rétt til að hafna tilboði eða samningi við fyrirtæki eða einstakling þegar eitthvað af þeim atriðum sem talin eru upp í 47-52. gr. laga nr. 84/2007 um opinber innkaup eiga við eða ef fullnægjandi upplýsingar sem kallað verður eftir vegna þeirra eru ekki lögð fram.

4. Leiga og önnur gjöld

Þegar samþykkt umsóknar eða niðurstaða forvals eða útboðs liggur fyrir er gerður samningur þar sem fram koma skilmálar og skilyrði fyrir notkun aðstöðunnar. Leigugjöld fyrir aðstöðu á Keflavíkurflugvelli er mismunandi eftir eðli þeirrar starfsemi sem um ræðir. Hún getur verið í formi fastrar leigu og/eða veltutengdrar leigu. Fyrir utan leigu greiða leigutakar sameiginlegan reksturskostnað auk annarra gjalda sem við á. Samningar eru vísitölutengdir. Almennt er miðað við að aðstöðuleiga endurspegli markaðsleigu á sambærilegu húsnæði eins og við á hverju sinni.

Keflavíkurflugvöllur - Flugstöð Leifs Eiríkssonar
Útgáfudagur 18. júlí 2013